

FRÍSTUNDAHEIMILIÐ ELDFLAUGIN – MAT Á FRÍSTUNDASTARFI



Febrúar 2015

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Björk Ólafsdóttir

Sigrún Sveinbjörnsdóttir

EFNISYFIRLIT

Frístundaheimilið Eldflaugin	4
Greining	5
Stjórnun	6
Frístundastarf.....	7
Mannauður	8
Staðarbragur	8
Innra mat	9

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í Eldflauginni sem fram fór í september og október 2014. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á frístundastarfi er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum frístundastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Frístundastarf
- III. Mannauður
- IV. Staðarbragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að öll frístundaheimili fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist frístundamiðstöðvum við innra mat.

Matið fór fram um mánaðamótin september/október 2014 og átti gagnaöflun í frístundaheimilinu sér stað frá 29. sept. - 3. okt. Matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna og vettvangsathugunum í frístundaheimilinu.

FRÍSTUNDAHEIMILIÐ ELDFLAUGIN

Eldflaugin er frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk í Hlíðaskóla, Hamrahlíð 2, Reykjavík. Eldflaugin er starfrækt eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur til klukkan 17:15.

Forstöðumaður er Hörður Sturluson og aðstoðarforstöðumaður er Unnur Tómasdóttir.

Styrkleikar:

Góð fagleg forysta og jákvætt viðhorf til stjórnenda meðal starfsfólks, barna og foreldra. Til fyrirmyndar er hvað mannauður er vel nýttur og hve vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra. Börnin hafa val um fjölbreytt, uppbyggileg og menntandi viðfangsefni sem höfða til margvíslegra áhugasviða. Vel er komið til móts við þarfir einstakra barna og margbreytileiki í barnahópnum fær að njóta sín. Foreldrar eru ánægðir með frístundastarfið og menntunargildi þess. Gleði, metnaður og áhugi einkennir frístundastarfið. Starfsandi er góður, starfsfólk er ánægt í starfi og liðsandinn einkennist af samábyrgð.

Tækifæri:

Leita þarf leiða til að bæta aðstöðu sem frístundaheimilið býr við. Huga má að auknu samstarfi við Hlíðaskóla. Gera má enn betur í að innleiða lýðræðislega þátttöku barna. Gæta þarf að utanumhaldi um barnahópinn. Huga má að formlegra innra mati á starfinu með þátttöku barna og foreldra.

Niðurstöður – yfirlit:

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt gott verklag flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun	Frístundastarf	Mannauður	Staðarbragur
Forstöðumaðurinn sem leiðtogi	Skipulag starfs og starfsaðstæður	Fagmennska starfsfólks	Viðmót og menning
Stjórnun stofnunar og ráðstafanir í daglegum rekstri	Uppeldi og menntun	Starfsánægja	Velferð og líðan barna
Verklagsreglur og áætlanir	Starfshættir og viðfangsefni		Foreldrasamstarf
Faglegt samstarf	Virk þátttaka og lýðræði		
Þróun og nýbreytni	Mannréttindi og margbreytileiki		

Það sem vel er gert:

- Stjórnendur rækta vel samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi.
- Starfsfólki, foreldrum og börnum finnst þau geta komið skoðunum sínum á framfæri og haft áhrif.
- Góð samvinna er milli frístundamiðstöðvarinnar Kamps og Eldflaugar og starfsáætlun og stefnu Kamps er vel fylgt eftir.
- Upplýsingagjöf til foreldra er til fyrirmyndar.
- Markvisst er leitað eftir hugmyndum starfsfólks um innihald, skipulag og framkvæmd starfsins og til fyrirmyndar er hvernig starfsfólk nýtir styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
- Upplýsingagjöf til starfsfólks er góð, ábyrgð, verkaskipting og hlutverk í daglegu starfi eru skýr.
- Verklag í kringum börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda er gott.
- Samstarf við leik- og grunnskóla og aðra aðila sem vinna með börnunum er gott.
- Unnið er að fjölbreyttum þróunarverkefnum.
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin árlega og gott svigrúm er skapað til símenntunar.

Tækifæri til umbóta:

- Vísir er að móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn sem byrja að hausti en huga þarf að móttökuáætlun fyrir starfsmenn sem byrja á öðrum tímum.
- Huga þarf að öryggi skjalavistunarkerfis.
- Reglulega þarf að framkvæma rýmingaræfingu.
- Huga má að auknu samstarfi og markvissari vinnubrögðum í sambandi við eineltisáætlun Hlíðaskóla og Eldflaugar og huga að aðkomu stjórnenda að eineltisteymi Hlíðaskóla.
- Huga má að formlegra mati á starfinu og leita leiða til að fá sjónarmið foreldra og barna varðandi gæði, þróun og framkvæmd starfsins.
- Huga þarf að því að heimasíða sé uppfærð reglulega og að hún innihaldi grundvallar upplýsingar um starfið.

Það sem vel er gert:

- Markvisst er unnið með hreyfingu barna innan húss og utan og umhverfi frístundaheimilisins er vel nýtt til frjálstrar og skipulagðrar útiveru.
- Börnin hafa val um fjölbreytt og uppbyggileg viðfangsefni sem höfða til margvíslegra áhugasviða. Boðið er upp á hópastarf og smíðjur og verkefni sem ná yfir lengri og skemmri tíma.
- Sjálfssprottnum leik barna er gefið gott rými, börnin hafa daglega val um frjálsan leik og skipulagt starf.
- Þekking starfsfólks og margbreytileiki er nýttur til að auðga leik og viðfangsefni barnanna.
- Boðið er upp á hollan og fjölbreyttan mat.
- Margbreytileiki í barnahópnum fær að njóta sín.
- Vel er unnið með börn sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Vel er haldið utan um börn sem þurfa sérstakan stuðning og starfsmenn sem sinna stuðningi fá tíma til undirbúnings.
- Markvisst er unnið með táknmál.
- Unnið er markvisst með Barnasáttmálann.

Tækifæri til umbóta:

- Leita þarf leiða, í samstarfi við frístundamiðstöð og skóla, að bæta aðstöðu í þeim samnýttu rýmum sem frístundaheimilið notar innan skólans.
- Gæta þarf að því að öll börn finni sér eitthvað að gera sérstaklega þegar þau komast ekki að í þeirri smíðju sem þau vilja komast í.
- Gæta þarf að því að halda vel utan um barnahópinn, s.s. m.t.t. að þau séu klædd eftir aðstæðum og muni eftir að borða.
- Markvissar má vinna með barnalýðræði í ákvarðanatöku og starfsáætlunarvinnu og leita fjölbreyttra leiða til að fá fram sjónarmið barna.
- Leita þarf leiða til að vinna lýðræðislega með börn í 1. og 2. bekk t.d. með því að koma á barnaráði.
- Huga þarf að auknu samstarfi við Hlíðaskóla og leikskóla í hverfinu varðandi móttöku á börnum með annað móðurmál en íslensku.

MANNAUÐUR

Það sem vel er gert:

- Starfsemin endurspeglar gott samstarf og samábyrgð starfsfólks og viðhorf þeirra til viðfangsefna eru lausnamiðuð.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum þess. Það er jákvætt gagnvart þróun á starfinu og leitast við að efla sig í starfi.
- Starfsfólk er skapandi og virkt í starfi með börnum og samskipti þeirra við börnin einkennast af umhyggjusemi og þolinmæði.
- Samskipti innan starfsmannahópsins eru góð, starfsfólk er ánægt í starfi og telur hæfni sína og þekkingu vel nýttu. Jafnræðis og jafnréttis er gætt innan starfsmannahópsins.
- Starfsfólk er ánægt með starfsandann, finnst gaman og líður vel í vinnunni.
- Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað.

Tækifæri til umbóta:

- Bæta má almenna umgengni um eigur barna og starfsstaðar.

STAÐARBRAGUR

Það sem vel er gert:

- Gleði, jákvæðni og gagnkvæm virðing einkennir starfsemina. Virðing er borin fyrir einstaklingsmun og tillit tekið til ólíkra sjónarmiða.
- Börnunum líður vel, þau eru glöð og njóta starfsins.
- Börnin hafa greiðan aðgang að starfsfólki. Samskipti starfsfólks og barna eru uppbyggjandi og hvetjandi. Starfsfólk aðstoðar börn í félagslegum samskiptum og vinnur með hegðun barna á uppbyggjandi hátt.
- Viðhorf foreldra til starfsfólks og frístundastarfsins er mjög jákvætt. Samskipti starfsfólks og foreldra eru góð og vel er komið til móts við óskir foreldra. Foreldrar upplifa að vel sé komið til móts við þarfir barna í frístundastarfinu.

Tækifæri til umbóta:

- Til bóta væri að skrá reglur sem börnin eiga að fara eftir og hafa þær sýnilegar.

INNRA MAT

Engar athugasemdir eru gerðar við þennan matsþátt og hvorki dregið fram það sem vel er gert né það sem betur má fara þar sem innra mat hefur ekki ennþá verið innleitt með formlegum hætti í frístundastarf.

Ytra mat á Eldflauginni var tilraunamat sem meðal annars verður nýtt til að endurskoða viðmið fyrir mat á gæðum frístundastarfs. Samhliða tilraunamatinu eru hagsmunaaðilar að senda inn umsagnir um viðmiðin. Viðmiðin skilgreina gæði í frístundastarfi og þar með þær kröfur og væntingar sem eru gerðar til starfsmanna og starfsemi í frístundastarfi. Þegar þessari vinnu við viðmiðagerðina lýkur er gert ráð fyrir því að farið verði af stað með stuðning við innra mat á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.